

KT gegn Noregi

Dómur frá 25. september 2008

Mál nr. 26664/03

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

Börn. Aðgerðir barnaverndaryfirvalda. Réttur til að fá úrlausn dómstóls um réttindi.

1. Málsatvik

Kærandi, er norskur ríkisborgari, fæddur árið 1971 og er búsettur í Stafangri í Noregi. Frá þeim tíma sem fyrri eiginkona hans fluttist til Finnlands árið 2001 hefur hann haft forsjá tveggja sona þeirra sem eru fæddir árin 1994 og 1996.

Málið varðar kvörtun kæranda yfir meðferð barnaverndaryfirvalda á máli hans. Þau létu fara fram sérstaka rannsókn á hæfi kæranda til að annast syni sína þrátt fyrir að í fyrri rannsókn hefði verið komist að þeirri niðurstöðu að hann væri hæft foreldri. Höfðu báðar rannsóknirnar hafist vegna kvartana frá fyrri konu hans en að mati kæranda hafði fyrri rannsóknin staðfest að kvartanir konunnar væru tilhæfulausar.

Kærandi höfðaði máli fyrir dómstól í Stafangri og krafðist þess að viðurkennt yrði að engin lagaheimild hefði verið fyrir ákvörðun um að hefja rannsókn á aðstæðum hans. Dómstóllinn taldi að ekki væri hægt að leggja mat á kröfur kæranda þar sem ekki væri um að ræða mál til ógildingar stjórnvaldsákvörðunar í skilningi stjórnáðalgrunnslaga. Var málinu vísað frá þar sem ekki var talið að kærandi hefði lögvarða hagsmuni af því að fá niðurstöðu um kröfuna og því væru skilyrði laga um meðferð einkamála ekki uppfyllt. Var sú niðurstaða staðfest af áfrýjunardómstól. Kærandi skaut málinu til Hæstaréttar Noregs sem tók málið til meðferðar en staðfesti niðurstöðu áfrýjunardómstólsins.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að rannsóknirnar hefðu brotið í bága við friðhelgi einkalífs og fjölskyldu hans sem vernduð væri af 8. gr. sáttmálans. Að auki hélt hann því fram að brotið hefði verið í bága við rétt hans samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sem og 13. gr. þar sem norskir dómstólar hefðu ekki fallist á að taka máls hans til efnislegrar endurskoðunar fyrir dómi.

Niðurstaða

Um 8. gr.: Dómstóllinn vísaði til þess að síðari rannsóknin og hvernig henni var háttað hefði reynst nauðsynleg í ljósi 2. mgr. 8. gr. sáttmálans. Með þessu væri átt við að óheimilt væri að takmarka rétt hans til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu nema fyrir lægi að það væri nauðsynlegt í skilningi 2. mgr. Dómstóllinn taldi ekkert benda til þess að mat barnaverndaryfirvalda á nauðsyn nýrrar rannsóknar færi út fyrir það svigrúm sem norska ríkið hefði til mats á slíku. Að mati dómstólsins hefðu barnaverndaryfirvöld ekki brugðist þeirri skyldu sinni að gæta jafnvægis milli hagsmuna kæranda og hagsmunum barna hans sem fælust í því tryggja þeim að þau dveldust á stað þar væri þeim fyrir bestu að vera á. Það var því einróma álit dómstólsins að ekki hefði verið brotið í bága við réttindi kæranda samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

Um 6. gr.: Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið brotið í bága við rétt kæranda samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sáttmálans þrátt fyrir að dómstólar á neðri stigum hefðu ekki fallist á að taka málið til efnislegrar meðferðar þá hefði Hæstiréttur landsins kannað öll efnisatriði málsins ítarlega. Af þessum sökum taldi dómstóllinn ekki þörf á að taka sérstaklega til skoðunar kröfur kæranda samkvæmt 13. gr.